



Morgunblaðið/Gölli

FRÁ alþjóðageðheilbrigðisdeginum sem haldinn var hátíðlegur 10. október 1997.

## Viðbrögð við breyttum aðstæðum í fjölskyldunni

**G**EDHJÁLP, samtök fólks með geðsjúkdóma, aðstandenda þeirra og áhugafólks um geðheilbrigðismál, býður í haust að vanda upp á námskeið og fyrirlestra um geðsjúkdóma og viðbrögð við þeim.

„Í fyrirlestrunum er fjallað um geðsjúkdóma og hvernig aðstandendur eiga helst að umgangast ástvin sem er með geðsjúkdóm,“ segir Ingólfur H. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Geðhjálpar. Fyrirlestrarnir fjalla um geðklofa, geðhvörf, félagslega endurhæfingu og viðbrögð aðstandenda við hinum breyttu aðstæðum sem upp koma í fjölskyldunni þegar fjölskyldumeðlimur veikist af geðsjúkdómi. Þar er m.a. stuðst við ítarlegan bækling

sem nýlega var gefinn út af Landspítalanum, en hann ber yfirskriftina *Leiðarljós – Leiðbeiningar fyrir aðstandendur geðsjúkra*.

### Sjálfhjálparhópar og símapjónusta

„Í framhaldi af fyrirlestrunum eru svo stuðningshópar sem hittast einu sinni í viku, sex til átta sinnum. Í stuðningshópnum eru oftast fimm eða sex manns og leiðbeinandi sem fer dýpra í þessi sömu mál og meira á einstaklingsgrundvelli. Í framhaldinu er aðstandendum svo boðið að halda áfram einhverju starfi hjá félaginu, t.a.m. er nú einn sjálfbodaliðahópur starfandi sem varð til í framhaldi af

svona námskeiði og hann sér um Fjölskyldulínuna svokölluðu,“ segir Ingólfur.

Fjölskyldulínan er samstarfsverkefni Geðhjálpar og Rauða kross Íslands og hafa aðstandendurnir tekið þátt í sérstöku undirbúningsnámskeiði. Þeir sjá nú um símsvörunarþjónustu fyrir aðstandendur geðfatlaðra.

Fleira er á döfinni hjá Geðhjálp. „Nú er að fara af stað sjálfhjálparhópur fyrir fólk með geðklofa, undir stjórn hjúkrunarfræðings. Hér hafa einnig verið starfandi sjálfhjálparhópar fyrir fólk með fælni og einnig fyrir fólk sem þjáist af þunglyndi og geðhvörfum,“ segir Ingólfur að síðustu.